

Skýrsla skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir árið 2005.

Árið 2005 var eitt mesta framkvæmdaár í sögu Hveragerðisbæjar. Fundir skipulags- og byggingarnefndar á árinu voru fjölmargir eða samtals 21 fundur. Samtals voru 199 mál tekin á dagskrá nefndarinnar.

Aðalskipulag Hveragerðis.

Viðamesta málið var endurskoðun aðalskipulags Hveragerðis. Skipulags- og byggingarnefnd en fjallaði samtals 27 sinnum um það mál. Vinna við endurskoðunina var upphaflega sett af stað í nóvember 2002 þegar bæjarráð Hveragerðis skipaði vinnuhóp um endurskoðun á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1993-2013. Oddur Hermannsson, landslagsarkitekt hjá Landform ehf. var snemma á árinu 2003 ráðinn sem aðalráðgjafi bæjarins við endurskoðunina.

Góð samvinna var á árinu milli skipulags- og byggingarnefndar og bæjarstjórnar við endurskoðun aðalskipulagsins og voru haldnir samtals 5 sameiginlegir vinnufundir.

Á árinu voru haldnir tveir almennir borgarafundir um aðalskipulag Hveragerðis 2005-2017. Fundirnir voru haldnir í Grunnskólanum í Hveragerði dagana 23/02 og 12/07. Sérstakur borgarafundur um svæði í kringum Hamarinn var haldinn 29/09. Góð mæting var á alla fundina og tóku gestir virkan þátt í umræðum.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar, sem haldinn var 22/11 var tillaga að aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017, ásamt greinargerð, fjölmörgum þemakortum og viðaukum, afgreidd til auglýsingar. Auglýsingin birtist 8/12 og frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rann út 19/01/2006.

Deiliskipulag.

Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði samtals 16 sinnum um deiliskipulagsmál. Breyting á deiliskipulagi við Sunnumörk og Mánamörk var samþykkt var 20/01/2005, Deiliskipulag fyrir Hverahvamm/Hverhamar var samþykkt 11/06/2005 og nýtt deiliskipulag fyrir Klettahlíð 11 var samþykkt 1/12/2005.

Nýbyggingar.

Aldrei í sögu Hveragerðisbæjar hafa jafn mörg byggingarleyfi verið veitt fyrir nýbyggingum. Veitt voru byggingarleyfi fyrir 102 íbúðum, 34 íbúðum í einbýli, 45 íbúðum í rað- eða parhúsum og 23 íbúðum í fjölbýli. Flatarmál samþykks íbúðarhúsnæðis jókst um 16.400 fermetra.

Fá byggingarleyfi voru veitt fyrir nýju athafnahúsnæði eða fyrir samtals 670 fermetrum.

Veitt voru byggingarleyfi fyrir tveimur nýjum hesthúsum á árinu, samtals 600 fermetrum.

Niðurrif gróðurhúsa.

Það sem einkennir árið fyrir utan mikla uppbyggingu á íbúðarhúsnæði, er mikill fjöldi byggingarleyfisumsókna fyrir niðurrifi gróðurhúsa. Ástæðuna má rekja til erfiðra rekstrarskilyrða ylræktar í landinu, aukinnar ásóknar byggingarverktaka í lóðir undir íbúðarhúsnæði og að nokkru leyti til ríkisstyrkja til úreldingar gróðurhúsa þar sem grænmeti er ræktað.

Á árinu samþykkti skipulags- og byggingarnefnd niðurrif á samtals um 10 þúsund fermetrum gróðurhúsa sem er ríflega fimmtungur allra gróðurhúsa í bænum. Þegar best lét voru gróðurhús í Hveragerði samtals um 50 þúsund fermetrar en í árslok 2005 standa eftir um 34 þúsund fermetrar. Líklegt er að áframhald verði á þessari þróun og til marks um þetta þá hefur Hveragerðisbær ekki úthlutað lóðum undir nýjar garðyrkjustöðvar síðan árið 1982. Nýlega var þó úthlutað einni lóð til stækkunar á garðyrkjustöð sem fyrir er í bænum en ekki var þó sótt um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum á lóðinni.

Hveragerði 19. desember 2005

Guðmundur F. Baldursson
Skipulags- og byggingarfulltrúi